



**ORKUSTOFNUN**

Hólsgerði í Eyjafirði. Jarðlagagreining í  
holum 5, 6, 7 og 8

**Jens Tómasson**

**Greinargerð JT-92-08**

## HÓLSSGERÐI Í EYJAFIRÐI Jarðlagagreining í holum 5, 6, 7 og 8

Greindar voru fjórar holur (5, 6, 7 og 8) frá Hólssgerði. Holurnar eru 58-80 m djúpar, sjá meðfylgjandi mynd af jarðlagagreiningunni.

Jarðlögin eru nánast eins frá einni holu til annarrar.

LAG 1. Það vantar svarf í efstu 12-20 m, en þar fyrir neðan tekur við jökulset, það er fínt set, sem virðist ekki vera fullharðnað með mismiklu af basalti í fína massanum og þar sem mest er af basalti er merkt sem grófkorna set, en þetta er eitt og sama lagið. Það nær niður í 34-36 m dýpi, í holu 7 mun samanlímdara og ummyndað set á 12-16 m dýpi en fundist hefur annars staðar og er merkt sem túffríkt set.

LAG 2. Undir setinu er fersklegt þóleiítbasalt án nokkurra holufyllinga. Þetta lag nær niður í 44-48 m dýpi.

LAG 3. Undir ferska þóleiítinu tekur við mjög fínkristallað, ummyndað, rauðyrjótt basalt. Grófa setið sem merkt er á 50-54 m dýpi í holu 6, gæti verið mjög sprunginn hluti af þessu lagi. Þessu ummyndaða basalti er skipt í two hluta með fínkorna rauðu seti. Fyrir neðan setið er basaltið aðeins grófara og ferskara. Ummyndaða fína basaltið (~~meðalgróft~~) nær dýpst í holu 6, 62 m.

Ekki er hægt að rekja nein samfelld lög niður fyrir lag 3, en í þeim tveimur holum sem nái niður fyrir það lag og til er svarf frá því dýptarbili, tekur við ólivínpóleiít, það er í holu 6 og 8, en ólivínpóleiít er miklu meira ummyndað í holu 6. Það er mjög ferskt fínkristallað basalt í holu 8 á 62-66 m sem er líklega gangur.

Í botni á dýpstu holunum tveimur eru mjög ummynduð ólivínpóleiítlög með miklu af holufyllingum, aðallega mesólít.